



## Minnisblað

**Til:** Borgarráðs

**Efni:** Frumvarp að fjárhagsáætlun og uppfærð þjóðhagsspá Hagstofu Íslands

**Frá:** Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Forsendur fjárhagsáætlunar 2020-2024 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birt var 10. maí sl. og á mati fjármála- og áhættustýringarsviðs. Þann 1. nóvember sl., birti Hagstofan uppfærða þjóðhagsspá um framvindu í efnahagsmálum næstu 5 árin, sbr. eftirfarandi töflu:

Spá Hagstofu frá 1. nóvember						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Einkaneysla	1,8	2,4	2,7	2,6	2,6	2,5
Samneysla	2,5	2,4	1,6	1,8	2,4	2,5
Fjármunamyndun	-9,1	3,7	4,4	2,7	2,8	2,9
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,5	1,7	2,6	2,8	2,7	2,6
Innflutningur vöru og þjónustu	-6,7	3,7	2,9	2,5	2,7	2,8
Verg landsframleiðsla	-0,2	1,7	2,7	2,6	2,6	2,5
Vinumagn	-0,5	0,5	1,1	1,1	0,9	0,9
Vísitala neysluverðs	3,0	2,6	2,5	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	8,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala*	4,8	5,2	5,3	5,0	4,2	4,2

\*Launavísitala er reiknuð út frá kaupmætti launa og vísitölu neysluverðs.

Taflan hér fyrir neðan sýnir frávik nýjustu þjóðhagsspár sem birt var þann 1. nóv. frá þeirri sem birt var í maí sl.

Breytingar m.v. áður birtar forsendur fjárhagsáætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Einkaneysla	-0,6	-0,4	-0,3	-0,2	0,0	0,0
Samneysla	0,6	1,1	0,1	-0,1	0,0	0,1
Fjármunamyndun	-3,4	-2,5	1,2	0,2	-0,7	-0,5
Útflutningur vöru og þjónustu	-3,0	-0,8	-0,2	0,2	0,2	0,1
Innflutningur vöru og þjónustu	-5,5	0,1	0,2	0,0	-0,2	0,0
Verg landsframleiðsla	0,0	-0,9	0,0	0,0	0,0	0,0
Vinumagn*	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Vísitala neysluverðs	-0,4	-0,6	-0,1	-0,1	-0,1	0,0
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	0,9	-0,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	-0,8	-0,3	-0,6	-0,3	0,0	0,1

\*Vinumagn er metið af Fjármála- og áhættustýringarsviði

Vakin er athygli á því að útkomuspá Reykjavíkurborgar er unnin að hausti og tekur mið af gildandi fjárhagsáætlun og væntum horfum til ársloka sem metnar eru af fjármála- og áhættustýringarsviði. Eftir að hafa rýnt endurskoðaða þjóðhagsspá telur fjármála- og áhættustýringarsvið ekki vera tilefni til að endurskoða útkomuspá ársins 2019.

Þeir þættir sem helst hafa áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta fyrir árið 2020 tengjast verðlags- og launaþróun. Gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs lækki um 0,6%-stig frá síðustu spá Hagstofu og launavísitala lækki um 0,3%-stig. Þá hefur gengisþróun mikil áhrif á fjárhagsáætlun OR og þar með samstæðu Reykjavíkurborgar en í endurskoðaðri spá er gengið nánast óbreytt.

Spá um verga landsframleiðslu (hagvöxt) fyrir 2020 lækkar um 0,9%-stig, fór úr 2,6% í 1,7%. Þeir undirliðir vergrar landsframleiðslu sem valda þessari lækkun í spánni eru fjármunamyndun og útflutningur vöru og þjónustu. Aukin samneysla vegur hinsvegar upp á móti áðurnefndum liðum. Verg landsframleiða er ekki notuð með beinum hætti þegar fjárhagsáætlun borgarinnar er unnin. Forsenda um vinnumagn er metin af fjármála- og áhættustýringarsviði og er þar m.a. hagvöxtur notaður til að meta umsvif í hagkerfinu. Hagvöxtur er þó ekki eina stærðin sem litið er til við mat á vinnumagnsforsendu heldur er einnig horft til atvinnuleysis, íbúafjölgunar og fjölda starfandi. Í jafnvægisástandi er vinnumagnsaukningin að jafnaði um 0,9% en við undirbúning fjárhagsáætlunar þótti þróun framangreindra stærða gefa tilefni til meiri varfærni. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2020 var því gert ráð fyrir 0,5% vinnumagnsaukningu þrátt fyrir 2,6% hagvaxtarspá.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að ekki sé tilefni til breytinga á vinnumagnsforsendu við mat á útsvarstekjum. Nýja þjóðhagsspáin gerir ráð fyrir minni hagvexti en jafnframt er gert ráð fyrir nánast óbreyttu atvinnuleysi. Því endurspeglast lakari hagvaxtarhorfur helst í lægri afkomu fyrirtækja. Er þetta í takti við endurskoðaða áætlun fjármálaráðuneytisins um hækkun á tekjuskattsstofni/ útsvarstekjustofni en í þeirri áætlun hefur forsenda um ársverk verið hækkuð úr 0,9% aukningu í 1,0% þrátt fyrir lakari hagvaxtarhorfur.

Áhrif nýrrar verðlags- og launaþróunarspár á rekstur og sjóðstreymi A-hluta á árinu 2020 eru eftirfarandi:

1. **Verðbólga:** Almenn rekstrarútgjöld sviða og stofnana A-hluta eru verðbætt í samræmi við vísitölu neysluverðs. Þá hefur verðbólga einnig áhrif á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar, útsvarstekjur og fjármagnslið Reykjavíkurborgar. Þar sem gjaldskrár vegna þjónustu voru almennt hækkaðar um 2,5% til samræmis við tilmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur breytt verðlagsforsenda ekki áhrif á gjaldskrártekjur.

Samkvæmt mati fjármála- og áhættustýringarsviðs leiða nýjar verðlagsforsendur til lækkunar á rekstrarniðurstöðu um **125 m.kr.** Frávikið má rekja til þess að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar hækkar um 206 m.kr., fjármagnsgjöld hækka um 151 m.kr. og útsvarstekjur lækka um 28 m.kr. Á móti má ætla að útgjöld borgarinnar verði lægri sem nemur 260 m.kr. og dregur það úr framangreindum áhrifum.

Verðbólga hefur einnig áhrif á innri viðskipti, s.s. á húsnæðiskostnað (innri leigu) stofnana og sviða í Aðalsjóði sem tekjufærast í Eignasjóði, en þessi viðskipti hafa ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu A-hluta. Þessi áhrif eru metin á um **304 m.kr.** til lækkunar innri leigu.

Vakin er athygli á því að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar, afskriftir og verðbætur eru reiknaðir liðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi A-hluta. Áhrif nýrrar verðlagsforsendu eru því jákvæð á handbært fé sem **hækkar um 230 m.kr.**

2. **Launavísitala:** Endurskoðuð forsenda um launavísitölu hefur áhrif á útsvarstekjuspá borgarinnar og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar. Launavísitala hefur nánast engin áhrif á kostnaðarmat vegna kjarasamninga og þar með á áætluð launaútgjöld borgarinnar. Heildaráhrif af 0,3%-stig lægri launavísitölu á rekstrarniðurstöðu A-hluta eru metin **133 m.kr.** til hækkunar. Þar vegast á neikvæð áhrif vegna lækkunar útsvars og jákvæð áhrif vegna lækkunar gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar. Áhrif á handbært fé eru hins vegar **195 m.kr. til lækkunar.**

## Samantekt

Heildaráhrif nýrrar þjóðhagsspár á rekstrarniðurstöðu A-hluta eru metin jákvæð um **8 m.kr** sem hefur í för með sér að rekstrarniðurstaðan hækkar úr 2.530 m.kr. í 2.538 m.kr. Heildaráhrifin á handbært fé A-hluta eru jákvæð um **35 m.kr.** og hækkar þannig handbært fé úr 7.198 m.kr. í 7.233 m.kr.

Framangreint mat miðast við að fjárheimildum verði sviða og stofnana breytt til samræmis við nýja verðbólguforsendu ásamt útsvarstekjum, gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og fjármagnsliðum. Verði fjárheimildum hins vegar haldið óbreyttum og forsendur Hagstofu ganga eftir, má ætla að rekstrarniðurstaða A-hluta lækki um **252 m.kr.** og handbært fé lækki um **226 m.kr.**

Töflurnar hér að neðan sýna samantekið næmni nýrrar þjóðhagsspár á fjárhagsáætlun ársins 2020. Í fyrri töflunni er stöðunni lýst verði breytingar gerðar í samræmi við breyttar forsendur og í seinni töflunni áætluð niðurstaða m.v. að engar breytingar verði gerðar.

Áhrif vegna VNV (-0,6%-stig) og LVT (-0,3%-stig)	Breyting m.v. nýja spá (m.kr.)	Áhrif vegna VNV (-0,6%-stig) og LVT (-0,3%-stig)	Breyting m.v. nýja spá (m.kr.)
<b>Tílvik 1: Breyttar fjárheimildir sviða</b>		<b>Tílvik 2: Óbreyttar fjárheimildir sviða</b>	
Útsvarstekjur	-223	Útsvarstekjur	-223
Annar rekstrarkostnaður	260	Annar rekstrarkostnaður	0
Launaútgjöld	0	Launaútgjöld	0
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar	122	Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar	122
Fjármagnsgjöld - rekstrarniðurstaða	-151	Fjármagnsgjöld - rekstrarniðurstaða	-151
Fjármagnsgjöld - sjóðstreymi	-3	Fjármagnsgjöld - sjóðstreymi	-3
<b>Áhrif á rekstrarniðurstöðu</b>	<b>8</b>	<b>Áhrif á rekstrarniðurstöðu</b>	<b>-252</b>
<b>Áhrif á sjóðstreymi</b>	<b>35</b>	<b>Áhrif á sjóðstreymi</b>	<b>-226</b>

Ný þjóðhagsspá lýsir vel þeirri næmni sem breyttar verðlagsforsendur hafa á rekstur borgarinnar, en áhrifin jafnast að mestu út í heildina. Að öllu samanlögðu er það mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að áhrifin á rekstur borgarinnar séu innan marka og gerir sviðið því ekki tillögu að breytingum á einstökum liðum ef undan er skilið breytingar á innri leigu sem hefur aðeins áhrif á milli sjóða í A-hluta. Umtalsverð óvissa er um þróun verðlags og framangreindar forsendubreytingar munu ekki leiða af sér hallarekstur fyrir A-hluta að öðru óbreyttu. Því telur sviðið að ekki sé tilefni til að breyta frumvarpi að fjárhagsáætlun.

*Halldóra Káradóttir*

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs